

Afgreiðsla mála

1. Ársreikningur Bændasamtaka Íslands og Nautastöðvar BÍ 2014

Fjárhagsnefnd búnaðarþings leggur til að búnaðarþing 2015 samþykki reikninga Bændasamtaka Íslands, og Nautastöðvarinnar BÍ eins og þeir liggja fyrir á þingskjali 1.

Guðbjörg Jónsdóttir -Guðmundur Bjarnason
Guðmundur Davíðsson-Guðrún Sigurjónsdóttir

2. Fjárhagsáætlun Bændasamtaka Íslands og Nautastöðvar BÍ

Fjárhagsnefnd búnaðarþings leggur til að búnaðarþing 2015 samþykki Fjárhagsáætlun Bændasamtaka Íslands og Nautastöðvar BÍ fyrir árið 2015.

Guðmundur Bjarnason-Guðmundur Davíðsson
Laufey Bjarnadóttir - Þórhallur Bjarnason

3. Aðild Bændasamtaka Íslands að World Farmers Organization (WFO)

Markmið

Að Bændasamtök Íslands verði aðili að Alþjóðasamtökum bænda, WFO.

Leiðir

Búnaðarþing 2015 samþykkir að sækja um aðild að WFO.

Framgangur

Stjórn BÍ er falin framkvæmd málsins.

Greinargerð

WFO eru samtök búvöruframleiðenda sem hafa að markmiði að styrkja stöðu bænda í virðiskeðjunni með með sérstakri áherslu á smábændur. Með því að tala fyrir hönd bænda og kynna hagsmuni þeirra á alþjóðavettvangi, styður WFO bændur til að takast á við verðsveiflur auka markaðstækifæri og að fá tímanlega aðgang að markaðsupplýsingum.

Vinna WFO tengist öllum áherslusviðum landbúnaðar þ.m.t. skógrækt, fiskeldi og fiskveiðum, umhverfismálum, viðskiptum, þjónustu, rannsóknum og menntun. WFO hvetur til þátttöku bænda í sjálfbærri þróun dreifbýlis, verndun umhverfisins og að takast á við önnur vaxandi viðfangsefni, svo sem loftslagsbreytingar, kynslóðaskipti og jafnréttismál.

Guðmundur Bjarnason Guðmundur Davíðsson
Laufey Bjarnadóttir Þórhallur Bjarnason

4. Málefni Hótel Sögu ehf.

Markmið

Að marka stefnu Bændasamtaka Íslands varðandi eignarhald á Hóтели Sögu ehf.

Leiðir

Að Bændasamtök Íslands eigi áfram og reki einkahlutafélagið Hótel Sögu ehf., a.m.k. í þrjú ár eða þar til Búnaðarþing tekur ákvörðun um annað. Í þessu felst að Bændasamtök Íslands eigi bæði fasteignina við Hagatorg og hótelleksturinn sem slíkan.

Framgangur

Stjórn Bændasamtaka Íslands fylgi þeirri stefnu sem mörkuð er í minnisblaði til Búnaðarþings, dags. 23. febrúar 2015.

Greinargerð

Stjórn Bændasamtakanna hefur á þessu Búnaðarþingi lagt fram rekstraráætlun félagsins til og með árinu 2020 og kynnt ítarlega. Stjórn Bændasamtaka Íslands lagði jafnframt fram erindi á Búnaðarþingi þar sem hún beiðir því til þingsins að veita leiðbeiningu um hvernig best megi ávaxta þá eign sem nú er bundin í Hóтели Sögu ehf. Eftir umræður í fjárhagsnefnd og í þinginu ályktar Búnaðarþing 2015 um að Bændasamtök Íslands skuli ávaxta þessa eign með þeim hætti sem áður greinir í þessari ályktun.

Guðmundur Bjarnason-Guðmundur Davíðsson
Laufey Bjarnadóttir-Þórhallur Bjarnason

5. Nautastöð BÍ

Markmið

Stjórn BÍ vinni áfram að samningum við LK um að koma á sameiginlegu félagi um rekstur nautastöðvar, með það fyrir augum að styrkja kynbótastarf í nautgriparækt. Jafnframt verði stuðlað að eflingu ráðgjafar, kennslu og rannsókna í nautgriparækt og markvisst unnið að jöfnun sæðingakostnaðar.

Leiðir

Aðilar komi sér saman um verð. Verkaskiptasamningur LK og BÍ verði endurskoðaður. Jafnframt verði gerður samstarfssamningur milli Nautastöðvar og RML. Búnaðarþing leggur til að nýtt félag verði í helmings eigu annars vegar BÍ og hins vegar LK.

Framgangur

Stjórn BÍ vinni að málinu.

Greinargerð

Unnið hefur verið að samningum um aðkomu LK að rekstri Nautastöðvar BÍ. Fyrir Búnaðarþing 2015 náðist ekki að fullvinna drög að því hvernig stofna megi og reka sameiginlegt félag um Nautastöðina. Mikilvægt er að góð samstaða sé um málið. Nú er unnið að stefnumótun varðandi kynbótamatsútreikninga sem miklu máli skipta.

Guðmundur Bjarnason-Guðmundur Davíðsson
Laufey Bjarnadóttir-Þórhallur Bjarnason

6. Raforkuverð í dreifbýli – jöfnun húshitunar

Markmið

Styrkja búsetu með jöfnun á kostnaði við húshitun.

Leiðir

Jöfnun til húshitunar er háð framlögum í fjárlögum. Í ár eru veittar 1.478 milljónir til jöfnuðar húshitunar á köldum svæðum. Til þess að markmiði laga nr. 78/2002 um fullan jöfnuð náist þarf að hækka framlagið um 350 milljónir króna.

Framgangur

Ályktunin verði send iðnaðarráðherra og Alþingi. Stjórn BÍ fylgi málinu eftir.

Anna Bryndís Tryggvadóttir, Guðrún Stefánsdóttir, Gústaf Jökull Ólafsson Haraldur Benediktsson, Pétur Diðriksson, Sigurlaug Gissuradóttir og Smári Borgarsson.

7. Uppbygging innviða – fjarskipti

A. Fjarskipti

Markmið

Óflugar og traustar nettengingar heimila og fyrirtækja um land allt. Að allar byggðir og þjóðvegir landsins hafi virkt GSM samband.

B. Þrífösun rafmagns og afhendingaröryggi.

Markmið

Lagningu þriggja fasa dreifikerfis raforku verði flýtt.

Leiðir

Búnaðarþing 2015 styður áætlun stjórnvalda um ljósleiðaravæðingu og hvetur til þess að allir landsmenn sitji við sama borð hvað nettengingar varðar.

Tryggja þarf GSM samband jafnt í byggð sem og á þjóðvegum landsins.

Búnaðarþing leggur áherslu á að lokið verði lagningu þriggja fasa rafmagns um landið.

Iðnaðarráðuneytið vinni landsáætlun um uppbyggingu á þriggja fasa dreifikerfi raforku. Til hliðsjónar verði áætlun um lagningu ljósleiðara. Tryggja þarf möguleika til samnýtingar veituframkvæmda, þannig

að helstu innviðir njóti gagnkvæmra réttinda til að fá upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir og tækifæri til að samnýta þær.

Stjórnvöld hrindi í framkvæmd markmiðum byggðaáætlunar Alþingis frá vori 2014 um bætt afhendingaröryggi raforku.

RARIK og Orkubúi Vestfjarða verði gert kleift að flýta framkvæmdum sínum sem kostur er með þátttöku í verkefnum þar sem samlegðaráhrif eru af öðrum veituframkvæmdum.

Tryggja þarf varaafll þegar raforkukerfið bilar.

Framgangur

Ályktunin send ríkisstjórn og Alþingi. Stjórn BÍ fylgi málinu eftir.

8. Samgöngumál í dreifbýli

Markmið

Viðhald vega verði aukið um allt land, ekki síst malarvega í dreifðum byggðum. Búnaðarþing 2015 leggur til að snúið verði við þeirri óheillapróun síðari ára í vegamálum sem stórfelldur niðurskurður á fjármagni hefur leitt af sér.

Leiðir

Fjárframlög til vegamála verði aukin, sérstaklega til viðhalds vega sem víða liggja undir skemmdum, eftir áralanga uppsafnaða viðhaldspörf.

Einnig verði aukið framlag til að leggja slitlag á tengivegi.

Stefnt skal að því að framlag til vegamála verði aukið að því marki sem var fyrir 2008.

Framgangur

Ályktunin send fjármálaráðuneyti og Alþingi. Stjórn BÍ fylgi málinu eftir.

Anna Bryndís Tryggvadóttir, Guðrún Stefánsdóttir, Gústaf Jökull Ólafsson, Haraldur Benediktsson, Pétur Diðriksson, Sigurlaug Gissurardóttir og Smári Borgarsson.

9. Verndun íslenskra laxfiska

Markmið

Íslenski laxfiskastofninn er sérstök auðlind sem ber að vernda.

Leiðir

Leita verður allra leiða til að eldi laxfiska í sjókvíum sé ekki ógn við núverandi lífríki.

Auknar kröfur verði gerðar til sjókvía þannig að fiskur sleppi ekki út í náttúruna.

Framgangur

Sent til Umhverfissráðuneytisins, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Stjórn BÍ fylgi málinu eftir.

Anna Bryndís Tryggvadóttir, Guðrún Stefánsdóttir, Gústaf Jökull Ólafsson, Haraldur Benediktsson, Pétur Diðriksson, Sigurlaug Gissurardóttir og Smári Borgarsson.

10. Félagskerfi landbúnaðarins

Búnaðarþing samþykkti talsverðar breytingar á samþykktum Bændasamtakanna sem meðal annars fela í sér breytingar á fyrirkomulagi Búnaðarþings, en í framtíðinni verður þingið haldið annað hvert ár en árið á móti verður haldinn ársfundur. Þá voru samþykktir breytingar á reglum um aðild að Bændasamtökunum, bæði hvað varðar einstaklinga og aðildarfélög. Einstaklingum sem ekki eru bændur en vilja styðja markmið samtakanna er nú heimilt að gerast aukafélagar í þeim. Eins var samþykkt sú stefna að samtökin skuli í framtíðinni verða fjármögnuð með veltutengdum félagsgjöldum. Í nýjum samþykktum er stjórn heimilað að taka slík gjöld upp, en engin ákvörðun hefur verið tekin um hvenær það verður gert.

Fulltrúafjöldi aðildarfélaga á Búnaðarþing er óbreyttur frá fyrri samþykktum. Einn fulltrúi bætist þó við í ljósi þess að Geitfjárræktarfélag Íslands fékk aðild að BÍ á þinginu og verða því fulltrúar á Búnaðarþingi 2016 alls 49.

Þar fyrir utan voru gerðar ýmsar smærri breytingar, sem skoða má nánar í samþykktunum sjálfum.

Hér eru nýjar samþykktir Bændasamtaka Íslands með breytingum:

[Bí samþykktir](#)

11. Innheimta búnaðargjalds

Markmið:

Breyting á innheimtu og ráðstöfun búnaðargjalds.

Leiðir:

Við þær breytingar sem boðaðar hafa verið á lögum um innheimtu búnaðargjalds verði áhersla lögð á eftirfarandi:

- Beinni ráðstöfun tekna, sem aflað er með innheimtu búnaðargjalds eða með viðlíka hætti, til einstakra aðila verði hætt, þannig að allir núverandi þiggjendur gjaldsins sitji við sama borð.
- Þeim fjármunum sem innheimtir kunna að verða með búnaðargjaldi eða með öðrum viðlíka hætti, verði settir í búgreinaskiptan sjóð og ráðstafað þaðan samkvæmt tillögum hverrar búgreinar fyrir sig til þeirra verkefna sem heimilt verður samkvæmt lögnum.
- Álagningarprósenta verði lækkuð til samræmis við þau verkefni sem falla út.

Framgangur máls:

Stjórn Bí vinni að framgangi málsins.

Sigurður Loftsson
Björn Halldórsson
Sif Jónsdóttir
Sveinn A Sæland
Guðný H Jakobsdóttir
Guðbjörg Jónsdóttir

12. Aðild Geitfjárræktarfélag Íslands að Bí

Búnaðarþing 2015 samþykkir að Geitafjárræktarfélag Íslands fái aðild að Bændasamtökum Íslands.

Björn Halldórsson -Einar Ófeigur Björnsson
Guðný H. Jakobsdóttir -Sif Jónsdóttir
Sigurður Loftsson -Jóhann Ragnarsson
Sveinn Auðunn Sæland-Þórarinn Ingi Pétursson
Keran Stueland Ólason-Guðbjörg Jónsdóttir

13. Markaðsmál kjötframleiðslu

A. Markaðsmál kjötframleiðslu

Markmið

Markaðssókn og aukin vöruþróun á íslenskum kjötafurðum með tilliti til sóknarfæra á erlendum mörkuðum.

Leiðir

Efnt verði til átaksverkefnis í þróun og markaðssetningu á íslenskum kjötafurðum til dæmis í samstarfi við Íslandsstofu.

Framgangur

Stjórn Bí vinni að framgangi málsins.

B. Markaðsmál kjötframleiðslu

Markmið

Að efla markaðssókn á íslenskum kjötafurðum með það að leiðarljósi að auka neyslu erlendra ferðamanna á þeim.

Leiðir

Efnt verði til átaksverkefnis í þróun og markaðssetningu á íslenskum kjötafurðum t.d. á

veitingahúsum og hótelum.

Framgangur

Stjórn BÍ vinni að framgangi málsins.

Birgir Arason- Fanney Ólöf Lárusdóttir
Helena Hermundardóttir- Ingvi Stefánsson
Jón Magnús Jónsson -Ólafur Þ. Gunnarsson

14. Upprunamerkingar

Markmið

Að styrkja sérstöðu íslenskra búvara í sessi og tryggja upplýsingagjöf til neytenda.

Leiðir

Búnaðarþing hvetur Bændasamtök Íslands til að halda áfram samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Neytendasamtökin um bættar upprunamerkingar á matvælum. Allir þeir sem framleiða og markaðsfæra íslenskar búvörur skulu fara yfir sínar upprunamerkingar og hafa þær ávallt skýrar og ótvíræðar. Stjórnvöld þurfa einnig að sjá til þess að regluverk um efnið sé í lagi og því sé fylgt fast eftir. Þrýst verði á stjórnvöld að samþykkja reglur um notkun íslenska fánans til merkingar á íslenskum búvörum.

Framgangur:

Stjórn BÍ er falið að fylgja málinu fast eftir. Með vaxandi innflutningi matvæla er afar mikilvægt að þessu verkefni verði sinnt af krafti.

Birgir Arason -Fanney Ólöf Lárusdóttir
Helena Hermundardóttir -Ingvi Stefánsson
Jón Magnús Jónsson

15. Tækifæri í innlendri búvöruframleiðslu

Markmið

Búnaðarþing 2015 beinir því til stjórnvalda að skapa aðstæður og sveigjanleika til að íslenskir bændur geti nýtt þau tækifæri sem til staðar eru í innlendri búvöruframleiðslu.

Leiðir

Undanfarin misseri hefur innlend eftirspurn eftir ýmsum búvörum farið ört vaxandi, má þar nefna sem dæmi nautakjöt og mjólkurafurðir. Þessi aukna eftirspurn felur í sér margvísleg tækifæri fyrir íslenskan landbúnað, í frekari verðmætasköpun og bættri afkomu bænda.

Til að mæta hinni auknu eftirspurn eftir matvælum sem þegar er orðin og að líkindum verður í fjörföldun, er grundvallaratriði að stjórnvöld skapi skilyrði fyrir hinar ýmsu greinar landbúnaðarins til að efla framleiðslu sína með skilvirkum, heilbrigðum og arðbærum hætti.

Ljóst má vera að heildarhagsmunir íslensks landbúnaðar felast, framar öðru, í því að innlendum búvörumarkaði sé sinnt með hagkvæmri, innlendri framleiðslu.

Framgangur

Stjórn BÍ hafi framgöngu fyrir því, í samstarfi við samtök einstakara búgreina, að þrýsta á og leita samstarfs við stjórnvöld um framgöngu málsins.

Böðvar Sigvaldi Böðvarsson - Jóhann Nikulásason
Jóhanna Hreinsdóttir - Oddný Steina Valsdóttir
Vigdís Sveinbjörnsdóttir - Þorsteinn Sigmundsson
Örn Bergsson

16. Útflutningur búvara

Markmið

Að lög heimili afurðastöðvum að hafa með sér samstarf um útflutning.

Leiðir

Búnaðarþing hvetur stjórnvöld til að skoða sérstaklega lög um starfsemi afurðastöðva sem flytja út búvörur þannig að ótvírætt sé að þeir megi hafa með sér samstarf um útflutning. Eigi að takast að byggja upp markaði til framtíðar fyrir íslenskar búvörur erlendis er mun skynsamlegra að skýrt sé í lögum að fyrirtækin megi vinna saman að útflutningi ef það hentar, en um það er nú óvissa. Búvöruframleiðsla hérlendis er örsmá í alþjóðlegu samhengi og það hamlar erlendu markaðsstarfi að lagaleg óvissa sé um hvort að heimilt sé að vinna að því sameiginlega.

Framgangur:

Stjórn BÍ er falið að vinna að framgangi málsins gagnvart stjórnvöldum.

Birgir Arason - Fanney Ólöf Lárusdóttir
Helena Hermundardóttir - Ingi Stefánsson
Jón Magnús Jónsson - Ólafur Þ. Gunnarsson
Stefán Geirsson

17. Gosmengun frá Holuhrauni

Markmið

Tryggt verði fjármagn til rannsókna á búfé, gróðri og öðru lífríki vegna gosmengunar frá Holuhrauni og vísindasamfélagið hvatt til að hafa frumkvæði að rannsóknum á langtímaáhrifum af náttúruvá þessari.

Leiðir

Ekki liggja fyrir miklar upplýsingar um áhrif mengunar á dýr og því brýn þörf á rannsóknum á langtímaáhrifum á bústofn, gróður og lífríki.

Neikvæð áhrif mengunar af völdum gossins eru m.a. sýrandi áhrif brennisteins á jarðveg. Ekki er vitað hversu mikil þessi áhrif kunna að verða og þá hvort afleiðingarnar verði það miklar að hætta sé á að uppskera og/eða heilnæmi hennar skaðist. Kólkun vegur upp á móti lækkaði sýrustigi og því kann að vera brýnt að aðgengi að kalki verði gott þar sem áhrifa gossins gætir mest.

Framgangur

Stjórn BÍ styðji við og fylgi eftir því ferli sem verkið er komið í á vegum samstafshóps ráðuneyta og stofnanna undir forystu Mast.

Egill Sigurðsson-Eiríkur Snæbjörnsson
Hávar Sigtryggsson -Jóhann Gísli Jóhannsson
Sólveig Bessa Magnúsdóttir

18. Smitsjúkdómar í sauðfé

Markmið

Í ljósi þess að garnaveiki í sauðfé er að greinast nánast árlega á Íslandi er þörf á að endurskoða reglugerð um aðgerðir til varnar garnaveiki.

Leiðir

Í ljósi þess árangurs sem náðst hefur á undanförunum árum er mikilvægt að bændur og dýralæknar slaki ekki á í þeirri vinnu sem unnin hefur verið í baráttunni gegn garnaveiki. Búnaðarþing leggur áherslu á að MAST beiti sér fyrir endurskoðun á verklagsreglum og leggi fram nýjar áætlanir til varnar garnaveiki.

Framgangur

Stjórn BÍ beiti sér fyrir því í samvinnu við Landssamtök sauðfjár-og kúabænda að fylgja málinu eftir við MAST.

Egill Sigurðsson-Eiríkur Snæbjörnsson
Hávar Sigtryggsson- Jóhann Gísli Jóhannsson
Sólveig Bessa Magnúsdóttir

19. Velferð búfjár (kemur ekki úr nefnd og verður ekki ályktað um)

20. Dýralæknþjónusta

Markmið

Til að tryggja dýravelferð um allt land og það að búfjáreigendur geti uppfyllt skyldur sínar gagnvart lögum um búfjárhald verður að treysta starfsgrundvöll dýralækna í dreifðustu byggðum landsins.

Leiðir

Starfssvæði þjónustudýralækna og vaktssvæði dýralækna verði endurskoðuð með það að markmiði að tryggja varanlegan aðgang að dýralæknum um allt land. Nauðsynlegt er að horfa til landfræðilegra aðstæðna og taka tillit til samgangna árið um kring þegar starfssvæði og vaktssvæði eru skipulögð. Í ljósi þess hve erfiðlega hefur gengið að manna dýralæknastöður á nokkrum stöðum á landinu þarf jafnframt að leita annarra leiða meðan málum er svo farið, svo sem að veita bændum heimild til að hafa lyf heima. Búnaðarþing ítrekar jafnframt nauðsyn þess að opnað verði fyrir leið til þess að einstakir bændur geti gert þjónustusamning við sinn dýralækni þar sem ekki er hægt að koma við ásættanlegri vaktþjónustu.

Framgangur

Stjórn BÍ beiti sér markvisst fyrir því, í samráði við Dýralæknafélag Íslands, að málið fái afgreiðslu í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Egill Sigurðsson-Eiríkur Snæbjörnsson
Hávar Sigtryggsson- Jóhann Gísli Jóhannsson
Sólveig Bessa Magnúsdóttir

21. Framkvæmd búfjárefartilits (kemur ekki úr nefnd og verður ekki ályktað um)

22. Tilraunastarf í búfjárrækt

A. Tilraunastarf í nautgriparækt á Stóra Ármóti.

Markmið

Búnaðarþing leggur áherslu á mikilvægi þess tilraunastarfs sem unnið er á Stóra Ármóti fyrir nautgriparæktina í landinu og telur brýnt að það verði aukið.

Leiðir

Búnaðarþing árið 2015 skorar á stjórn LbhÍ að ráða tilraunastjóra að Stóra Ármóti hið fyrsta.

Framgangur

Bændasamtökum Íslands er falið að fylgja málinu eftir í samráði við Búnaðarsamband Suðurlands, Landssamband kúabænda og fagråd í nautgriparækt.

Greinargerð

Mikil aukning hefur orðið á eftirspurn eftir mjólkurfitu síðustu misserin. Íslenskar og erlendar rannsóknir með fóðrun mjólkurkúna hafa sýnt að efnasamsetning og eðliseiginleikar fóðurs hafa mikil áhrif á efnasamsetningu mjólkurinnar og mjög mikilvægt er að skilgreina betur þá þætti í íslensku fóðri sem mest áhrif hafa. Því er nauðsynlegt að nýta vel þá aðstöðu sem til staðar er á Stóra Ármóti til að framkvæma fóðrunartilraunir á mjólkurkúm.

B. Rannsóknir í sauðfjárrækt og Hestsbúið

Markmið

Búnaðarþing 2015 samþykkir að fara þess á leit við LBHÍ að efla rannsóknir og kennslu á tilraunabúinu að Hesti í Borgarfirði.

Leiðir

Með auknum framlögum til Framleiðnisjóðs ásamt auknu fé sem ríkið veitir gegnum atvinnuvegaráðuneytið til rannsókna í landbúnaði hefur skapast góður grundvöllur til að efla aftur rannsóknir á Hesti. Fagråd í sauðfjárrækt hefur þegar fjallað um forgangsverkefni sem mætti nýta til hliðsjónar um verkefnaval. Nauðsynlegt er að búrekstur á Hesti sé þannig rekinn að hann laði að sér nemendur og rannsóknarverkefni.

Framgangur

Bændasamtökum Íslands er falið að fylgja málinu eftir í samráði við Landssamtök sauðfjárbænda og fagráð í sauðfjárrækt.

Guðmundur Gunnarsson - Guðný Helga Björnsdóttir
Guðrún Lárusdóttir - Gunnar Kr. Eiríksson
Sigbjörn Björnsson - Skúli Þórðarson

23. Málefni Landbúnaðarháskóla Íslands

Markmið

Búnaðarþing leggur áherslu á að sjálfstæði og rekstrargrundvöllur landbúnaðarháskóla á Íslandi sé tryggður. Mikilvægt er fyrir íslenskan landbúnað og þróun hans að í landinu séu öflugir skólar sem sinna endurmenntun bænda, starfsmenntanami, háskólanámi og rannsóknum í landbúnaði. Sjálfstæðir og öflugir landbúnaðarháskólar eru mikilvægur hlekkur í framþróun og framtíð íslensks landbúnaðar.

Leiðir

Menntamálaráðherra hefur lagt fram þá hugmynd að gera landbúnaðarháskólana á Hólum og Hvanneyri að sjálfseignarstofnunum. Búnaðarþing 2015 fellst á að þessi leið verði skoðuð. Í þeirri vinnu verði lögð áhersla á að rekstrargrundvöllur skólanna verði tryggður, starfsmenntanám og endurmenntun verði eflað og skólagjöld verði ekki aðgangshindrun að námi.

Framgangur

Stjórn BÍ falið að fylgja málinu eftir.

Guðmundur Gunnarsson, Guðný Helga Björnsdóttir, Guðrún Lárusdóttir, Gunnar Kr. Eiríksson, Sigurbjörn Björnsson, Skúli Þórðarson.

24. Þróun lífræns landbúnaðar

Markmið

Búnaðarþing 2015 telur mikilvægt að efla framleiðslu á lífrænt vottuðum landbúnaðarvörum.

Leiðir

Styrkja þarf ýmsar grunnstoðir í lífrænum búskap. Mikilvægt er að stjórnvöld marki skýra stefnu í málum lífrænnar ræktunar og framleiðslu. Endurvekja þarf fagráð í lífrænni ræktun. Félag lífræna bænda, VOR – verndun og ræktun, sækir um aðild að Bændasamtökum Íslands. Auka þarf framlög til aðlögunar að lífrænum búskap.

Framgangur

Stjórn BÍ fylgi málinu eftir.

Greinargerð

Búnaðarþing 2014 ályktaði um lífrænar búvörur og í samræmi við þá ályktun var efnt til málþings 19. nóvember 2014 á vegum BÍ og VORs þar sem fram fór kynning og fræðsla um lífrænan landbúnað. Í erindum og umræðum á málþinginu, sem var vel sótt og árangursríkt, kom skýrt fram að markaðurinn fyrir lífrænt vottaðar vörur fer vaxandi, að rík ástæða er til að fjölga bændum í þessum geira og að brýnt sé að efla grunnstoðirnar. Það hefur háð starfseminni að hvorki VOR né fagráðið hafa hlotið formlega viðurkenningu BÍ þótt eftir því hafi verið leitað. Núverandi framlög til aðlögunar í lífrænum búskap eru lítil og hamlar það nýliðun í greininni.

Guðmundur Gunnarsson- Guðný Helga Björnsdóttir
Guðrún Lárusdóttir- Gunnar Kr. Eiríksson
Sigbjörn Björnsson-Skúli Þórðarson

25. Búnaðarstofa

Markmið og leiðir

Búnaðarþing 2015 krefst þess að fallið verði frá áformum um að verkefni Búnaðarstofu heyri undir Matvælastofnun. Þess í stað verði hún sjálfstæð stofnun sem heyri undir ráðuneyti atvinnamála. Að mati Búnaðarþings samræmist eftirlitshlutverk Matvælastofnunar ekki þeim stjórnsýsluverkefnum sem Búnaðarstofu er ætlað að sinna.

Framgangur

Stjórn BÍ fylgi málinu eftir af fullum þunga.

Böðvar Sigvaldi Böðvarsson -Jóhann Nikulásson
Jóhanna Hreinsdóttir -Oddný Steina Valsdóttir
Vigdís Sveinbjörnsdóttir -Þorsteinn Sigmundsson
Örn Bergsson

26. Eftirlit með aðfangaverði bænda

Markmið

Eftirlit með aðfangaverði til bænda

Leiðir

Skoðað verði hvort unnt sé að koma á miðlægu óháðu eftirliti með verðþróun aðfanga í búrekstri. Bændur gætu t.d. skráð viðskiptakjör sín inn á vefsvæði þar sem hægt verði að bera saman verð og kjör ólíkra viðskiptaaðila sem sjá bændum fyrir aðföngum.

Framgangur

Stjórn BÍ falið að vinna að nánari útfærslu.

Böðvar Sigvaldi Böðvarsson, Jóhann Nikulásson, Jóhanna Hreinsdóttir, Oddný Steina Valsdóttir, Vigdís Sveinbjörnsdóttir, Þorsteinn Sigmundsson og Örn Bergsson.

27. Fjármögnun í landbúnaði

Markmið

Að bæta lánaþyrngreiðslu í íslenskum landbúnaði.

Leiðir

Aðgengi að lánsfjármagni á hagstæðum kjörum er eitt mikilvægasta atriðið við nýliðun og uppbyggingu í landbúnaði. Framundan er veruleg endurnýjunarþörf á framleiðsluaðstöðu margra bóa, samhliða aukinni eftirspurn eftir ýmsum framleiðsluvörum landbúnaðarins. Þá er ljóst að verðmæti ræktunarlands eykst á næstu árum í kjölfar aukinnar sölu og eftirspurnar á matvælum.

Eðli landbúnaðarins er tiltölulega lítil velta einstakra framleiðslueininga en mikill kostnaður í framleiðsluaðstöðu. Því er mikilvægt að kjör á lánamarkaði taki mið af þeim aðstæðum sem landbúnaðurinn býr við. Vakinn er athygli á því að útlánatöp lánastofnana eru mun fátíðari í landbúnaði en flestum öðrum greinum atvinnulífsins og veð í landi er með því tryggasta sem gerist.

Mikilvægt er að hafa á hverjum tíma fjölbreytta samsetningu lána og lánsforma á markaði. Forsenda þess að fara út í verulegar fjárfestingar og endurbætur á aðstöðu í landbúnaðinum, sem nauðsynlegt er að gera vegna endurnýjunar, nýfjárfestinga og auknum kröfum um aðbúnað búfjár, er að vaxtakjör landbúnaðarins færist nær því sem gengur og gerist í nágrennalöndunum.

Framgangur

Stjórn BÍ falið að fylgja málinu eftir með viðræðum við fjármálafyrirtæki.

Böðvar Sigvaldi Böðvarsson- Jóhann Nikulásson
Jóhanna Hreinsdóttir -Oddný Steina Valsdóttir
Vigdís Sveinbjörnsdóttir -Þorsteinn Sigmundsson
Örn Bergsson

28. Búvörusamningar

Búnaðarlagasamningur verði efldur og gerður að rammamningi um starfsumhverfi. Sá samningur verði í raun rammamningur og undir þeim hatti séu gerðir undirsamningar, þeir þrír sem eru til umræðu hér og ef til vill fleiri.

Markmið rammamnings:

- Stækka og efla íslenskan landbúnað
- Auka gæði búvöru, sérstaklega með tilliti til matvælaöryggis
- Bæta afkomu bænda
- Bæta samkeppnishæfni landbúnaðar í heild
- Tryggja aðgengi bænda að landi
- Efla nýliðun og fjárfestingu í landbúnaði, frumframleiðslu og úrvinnslu.
- Efla rannsóknar og vísindastarf
- Hvetja til hagræðingar, efla rekstrarumhverfi sprotafyrirtækja og stuðla að virðisauka matvæla heima í héraði
- Tryggja fæðuöryggi
- Tryggja sókn á erlenda markaði.
- Leggja ríka áherslu á umhverfismál – Kolefnisfótspor.
- Takmarka eða banna innflutning dýraafurða sem eru framleiddar við lakari aðstæður og kröfur um aðbúnað en gerðar eru til innlendrar framleiðslu.

Í rammamningi verði fjallað um eftirfarandi atriði í starfsumhverfinu:

- o Tollaumhverfi
- o Stefnan er tekin á samninga sem fela í sér tollvernd sem tryggja samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu. Nánara fyrirkomulag tollverndar verði afmarkað í undirsamningum.
- o Stjórn búvöruframleiðslu, þar sem tryggð eru virk stjórn tæki ríkisins til þess að ná markmiðum um viðunandi rekstrarafkomu bænda og taka á markaðslegum þáttum
- o Framkvæmdanefnd búavörusamninga verði eflað og taki þetta hlutverk
- o Fjármuni til almenns búfjárræktar- og jarðræktarstarfs (skýrsluhalds) og ræktunarstarf íslenskra búfjárkynja, ásamt tryggri umgjörð um stofnræktun hverskonar svo sem fyrir stofnræktun kartafna, úrval garðplantna, stofnræktun byggjarkja, og rekstur kynbótastöðva fyrir búfjárkynin.
- o Samningstími. Áhersla á lengri samning (10 ár) en mögulega „læknisskoðun“ á samningstímanum á sviði framkvæmdanefndar
- o Bygðamál, þar með talið áherslur tengdar jarða- og ábúðarlögum og skipulagslögum. Sameining laga sem fjalla um eignarréttarleg ákvæði jarða. verði tekin til umræðu ýmis grundvallaratriði starfsumhverfis, svo sem beiting skipulagslaga, jarða- og ábúða laga.
- o Áhersla á nýliðun og fjárfestingu í landbúnaði
- o Ákvæði búvörlaga og samspil þeirra við samkeppnislög tryggja markaðsstöðu bænda.
- o Markaðssókn, opna fyrir sókn íslenskra búvara á erlenda vel borgandi markaði, með það fyrir augum að stækka íslenskan landbúnað
- o Fjármuni til rannsókna og ráðgjafar auk fjármuna Framleiðnisjóðs vegna nýsköpunar, efling, þróunar, ráðgjafar- og vísindastarfs.
- o Sjóða- og skattamál. Yfirfara skattalegt umhverfi greinarnar með það fyrir augum að ná sem best markmiðum samingsins. Fjalla um samspil fjárfestinga, ættliðaskipta og meðferð hagnaðar. (Heimild til að fresta hagnaði af rekstri eða sölu fastafjármuna en nýta fjármuni til fjárfestinga í atvinnugreininni)
- o Varað er við greiðslum út á ræktað og óræktað land þar sem slíkur stuðningur er líklegur til að eigngerast.

Sérstakir undirsamningar fyrir sauðfé, mjólk, garðyrkju og e.t.v. fleiri.

- o Stefnan er tekin á samninga sem fela í sér stuðning við greinarnar sem er a.m.k. sá sami að verðgildi og nú er.
- o Stefnan er tekin á að fjárhagslegur stuðningur ríkisins við greinarnar nýtist sem best til að lækka vöruverð til neytenda.
- o Stefnan er tekin á samninga sem fela í sér áherslu á góða nýtingu aðfanga, hvata til góðrar ræktunar- og beitarmenningar og sjálfbærrar nýtingar.

o Stefnan er tekin á samninga sem fela í sér áframhaldandi góða dýravelferð og þar sem auknar kröfur til aðbúnaðar endurspeglast í umbótum á rekstarumhverfinu að öðru leiti.

o Breytt stuðningsform kemur því aðeins til greina að

o Tryggt sé að þeir sem hafa fjárfest í núverandi kerfi haldi sínum rekstargrundvelli

o Fjármagn núverandi samninga haldist innan sömu greina

o Breytingar séu til þess fallnar að (óraðað eftir mikilvægi):

§ Bæta nýtingu aðfanga og auðlinda

§ Stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda og bættri dýravelferð

§ Stuðla að sjálfbærni og jákvæðri samfélagsþróun í þeim samfélögum þar sem búgreinin er stunduð

§ Stuðla að sveigjanleika búgreina til að takast á við aðstæður á markaði og vegna annarra hagrænna og hnattrænna breytinga

§ Samhliða sé efld stjórn búvöruframleiðslu

Skipuð verði samninganefnd sem vinni að rammasamningi og undirnefndir fyrir hverja búgrein þar sem um undirsamninga er að ræða.

Böðvar Sigvaldi Böðvarsson -Jóhann Nikulásson

Jóhanna Hreinsdóttir- Oddný Steina Valsdóttir

Vigdís Sveinbjörnsdóttir- Þorsteinn Sigmundsson

Örn Bergsson

29. Nýting lands til ferðaþjónustu og öryggi ferðamanna

Markmið

Sátt um nýtingu lands til ferðaþjónustu með tilliti til eignarréttar bænda á landi og aukins öryggi ferðamanna.

Leiðir

Víða reynir á þolmörk náttúru og mannlífs við stórauðinn straum ferðamanna til landsins allt árið. Mikilvægt er að stýra umferð ferðamanna m.t.t. annarrar landnotkunar, almannaréttar og öryggis. Unnar verði landshlutabundnar áætlanir um uppbyggingu innviða ferðaþjónustu í sátt við landeigendur. Verkefnið verði fjármagnað með sértekjum af ferðamönnum.

Framgangur

Erindið verði sent til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, Umhverfisstofnunar, Samtaka sveitarfélaga og ferðamálastjóra. Stjórn BÍ fylgi málinu eftir.